

Aðalfundur UMF Tindastóls

11. mars 2010 vegna ársins 2009

Dagskrá:

Setning

Gunnar Þór Gestsson setur fundin

Kosning fundarstjóra

Gunnar Þór Gestsson leggur til að Magnús Helgason verði kjörinn fundarstjóri. Tillagan samþykkt og fundarstjóri tekur þegar til starfa.

Kosning fundarritara

Tillaga að Kristjönu Jónsdóttur sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns

Gunnar Þór Gestsson las skýrslu formanns. Gunnar Þór fór í skýrslu sinni meðal annars yfir fjárhagsstöðu félagsins og samstarf við styrktaraðila. Einnig koma hann inn á þá framtíðarsýn sem aðalstjórn UMFT er að vinna að varðandi íþróttaaðstöðu á Sauðárkróki. Skýrsluna í heild sinni má lesa á heimasíðu félagsins á rafrænu sniði. <http://www.tindastoll.is/index.php?pid=1303>

Skýrsla gjaldkera

Elínborg Svavarsdóttir fór yfir reikninga aðalstjórnar fyrir árið 2009. Heildartekjur aðalstjórnar fyrir árið 2009 voru kr. 30.594.082 og heildargjöld voru kr. 27.109.959 og hagnaður ársins því kr. 3.484.123. Greidd voru atkvæði um reikninga aðalstjórnar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Sundurliðaðan ársreikning má skoða á rafrænu sniði á heimasíðu félagsins, <http://www.tindastoll.is/index.php?pid=1303>.

Félagsgjöld

Mælt með óbreyttum félagsgjöldum, kr. 2.500,- fyrir fullorðan og kr. 1.000,- fyrir unglinga fjórtán til átján ára. Samþykkt með þorra atkvæða.

Stofnun nýrrar deildar hjá UMFT

Sævar Pétursson kynnti tillögu um stofnun deildar innan Tindastóls þar sem að badminton, tennis og veggjatennis myndu sameinast undir nafni Spaðadeildar. Helsta ástæða þessar tillögu er sú að þeir einstaklingar sem stunda keppni í þessum greinum geti haft félag á bakvið sig. Sævar tók fram að þessi nýja deild myndi ekki sækjast eftir fjárframlögum hjá aðalstjórn fyrir starfsemi sína. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna og bað Halldór Halldórsson um orðið. Halldór lýsti áhyggjum sínum með það ef fleiri íþróttagreinar færu að berjast um tíma í íþróttahúsinu, sem væri mjög umsetið, auk fjármuna félagsins. Sævar svaraði Halldóri því til að ekki væri aðstaða í íþróttahúsinu á Sauðárkróki fyrir þessar íþróttir og væri frekar verið að

horfa til íþróttahússins í Varmahlíð með æfingar. Fleiri báðu ekki um orðið og bar því fundarstjóri upp tillögu um stofnun Spaðadeildar UMFT og var hún samþykkt samhljóða.

Íþróttamaður UMF Tindastóls 2009

Aðalsteinn Arnarson, Lerkihlíð 1 á Sauðárkróki er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af knattspyrnudeild

Gauti Ásbjörnsson, Birkihlíð 19 á Sauðárkróki er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af frjálsíþróttadeild

Hugrún Magnúsdóttir, Raftahlíð 25 á Sauðárkróki er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af skíðadeild

Ísak Einarsson, Brekkutúni 3 á Sauðárkróki er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af körfuknattleiksdeild

Sunneva Jónsdóttir, Ártúni 11 á Sauðárkróki er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af sunddeild
Eftir jafna og spennandi kosningu var Ísak Einarsson valinn Íþróttamaður Tindastóls árið 2009.

Afhending starfsbikars

Formaður UMF Tindastóls afhendir Jóhanni Helga Sigmarssyni starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins þann. Jóhann Helgi Sigmarsson hefur í mörg ár unnið fyrir félagið ómælt starf, er gjaldkeri körfuknattleiksdeildar og vinnur einnig mikið sjálfboðaliðsstarf fyrir aðrar deildir. Það er mat Aðalstjórnar að Jóhann sé vel að þessari viðurkenningu komin

Minningarsjóður um Rúnar Inga Björnsson

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést við verkamannastörf ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afrekshópa og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMF Tindastóls, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkróskirkju. Umsóknir um styrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMF Tindastóls. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Þetta árið er úthlutað tveimur styrkjum úr sjóðnum. Formaður UMF Tindastóls afhendir styrkina hér með.

1. Svava Rún Ingimarsdóttir fær styrk að upphæð kr. 50.000 vegna þátttöku hennar í mótum í nafni UMF Tindastóls. Elínborg Svavarsdóttir veitti styrknum viðtöku þar sem að Svava er í námi í útlöndum.
2. Þriðji flokkur karla í knattspyrnu fær styrk að upphæð kr. 75.000 vegna æfinga- og keppnisferðar á komandi sumri. Skúli Bragason tók við styrknum fyrir hönd hópsins.

Styrkveiting Sparisjóðs Skagafjarðar

Sigurbjörn Bogason sparisjóðsstjóri afhenti Gunnari Þór formanni 2. hluta styrks frá Sparisjóði Skagafjarðar. Styrkurinn er hluti af þriggja ára samningi sem gerður var á milli Sparisjóðsins og UMFT árið 2009. Gunnar Þór þakkaði Sigurbirni fyrir styrkveitinguna og sagði að þessi styrkur væri mikils virði fyrir félagið.

Kosning til stjórnar

Kosning formanns

Gunnari Þór Gestssyni núverandi formaður býður sig fram til áframhaldandi starfa.
Ekkert mótframboð og er Gunnar Þór því réttkjörinn formaður UMFT.

Kosning stjórnar

Tillaga um aðra stjórnarmenn er Magnús Helgason, Elínborg Svavarsdóttir, Bertína Guðrún Rodriguez og Jón Daníel Jónsson. Samþykkt samhljóða.

Kosning varamanna

Tillaga að Kristjönu Jónsdóttur, Guðjóni Erni Jóhannssyni og Marteini Jónssyni. Samþykkt samhljóða.

Kosning skoðunarmanna

Tillaga að Gunnari Sveinssyni og Hirti Geirmundssyni. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Rannveig Helgadóttir spurði um birtingu á fréttum frá aðalstjórn á heimasíðu félagsins, þær væru ekki sýnilegar og hvort ekki stæði til að bæta úr þessu. Gunnar Þór svaraði því til að til stæði að endurnýja síðuna og það væri eitt af þeim verkefnum sem nýr starfsmaður félagsins ætti að sinna. Með nýrri uppsetningu ætti aðalstjórn því að geta átt svæði fyrir sínar fréttir.

Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og sleit fundi. Á eftir var viðstöddum boðið að þiggja veitingar í boði Sparisjóðs Skagafjarðar.

Fleira ekki gert.

Kristjana Jónsdóttir,